

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Rannsóknastofnun atvinnulífsins – Bifröst.

1. gr.

Rannsóknastofnun atvinnulífsins – Bifröst er sjálfseignarstofnun sem starfar á vettvangi Háskólans á Bifröst með sérstökum stuðningi Samtaka atvinnulífsins. Rannsóknastofnunin starfar eftir lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

2. gr.

Samtök atvinnulífsins, kt. 680699-2919 og Háskólinn á Bifröst, kt. 550269-0239, eru stofnæðilar.

Stofnfé er kr. 1.083.000 og er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

Heimilisfang stofnunarinnar er í Borgarbyggð.

3. gr.

Hlutverk Rannsóknastofnunar atvinnulífsins – Bifröst er að skipuleggja og fjármagna rannsóknaverkefni á mikilvægum sviðum atvinnulífs og efnahagsmála. Stofnverkefni Rannsóknastofnunarinnar er að rannsaka hvernig staðið er að gerð kjarasamninga á íslenskum vinnumarkaði í samanburði við Norðurlönd og setja fram hugmyndir að nýju kjarasamningamódeli fyrir íslenska vinnumarkaðinn. Samtök atvinnulífsins fá sem svarar til 350 tíma vinnu árlega vegna framlags síns og stofnverkefnið telst hluti af þeirri vinnu. Stofnaðilar leita frekari fjármögnunar á verkefnum stofnunarinnar.

4. gr.

Stjórn Rannsóknastofnunar atvinnulífsins – Bifröst skipta þrír menn. Rektor Háskólans á Bifröst er formaður stjórnar en auk þess tilnefnir Háskólinn á Bifröst einn stjórnarmann og Samtök atvinnulífsins annan. Stjórnin fundar a.m.k. tvívar á ári eða oftar eftir þörfum og ávallt þegar einhver stjórnarmaður óskar þess. Stjórnarmenn geta kallað til varamenn eftir þörfum. Hlutverk stjórnarinnar er að leggja meginlinur um rannsóknaverkefni, leita fjármagns til þeirra og aðstoða við að leita að fólk til að vinna að rannsóknaverkefnum.

5. gr.

Háskólinn á Bifröst undir stjórn rektors annast daglegan rekstur Rannsóknastofnunarinnar. Bókhald og fjárhagur er aðskilinn frá skólanum en greitt er fyrir umsýslu og stjórnun stonunarinnar. Rannsóknastofnunin er sjálfstæð stofnun og ber engan kostnað af almennum rekstri eða starfsemi Háskólans á Bifröst.

6. gr.

Aðalfundur Rannsóknastofnunarinnar er haldinn árlega innan mánaðar frá ársfundi Háskólans á Bifröst. Fyrir aðalfund skulu stjórnarmenn leita umboðs til áframhaldandi stjórnarsetu eða sjá um tilnefningu annarra í sinn stað. Hlutverk aðalfundar er að afgreiða ársreikning og leggja línur fyrir starfið framundan. Stjórnarmenn geta boðið utanaðkomandi til aðalfundarins en einungis stjórnarmenn hafa atkvæðisrétt.

Stjórn stofnunarinnar skal velja eina eða fleiri löggilda endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsári. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar og til næstu áramóta.

Nr. 332

19. mars 2014

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt af stjórn Rannsóknastofnunarinnar.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til markmiðanna sem greint er frá í 3. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

8. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 19. mars 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Auður Steingrimsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 4. apríl 2014